# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 336. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 2. september 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundargerðir 313., 314. og 315. fundar bæjarráðs, dags. 18. júní, 1. júlí og 25. ágúst 2020.
2) Bréf frá Lilju Björk Kristjánsdóttur, dags. 26. ágúst 2020, varðandi ósk um niðurgreiðslu á tónlistarnámi fyrir Berg Má Sigurjónsson í Tónlistarskólanum á Akranesi veturinn 2020/2021.
3) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 25. ágúst, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hótel Búða ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki IV, hótel, að Búðum í Snæfellsbæ.
4) Bréf frá Umboðsmanni barna, dags. 26. ágúst 2020, varðandi hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga.
5) Skipun varamanns í umhverfis- og skipulagsnefnd í stað Vilbergs I Kristjánssonar.
6) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 31. ágúst 2020**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**313. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 18. júní 2020 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 15. lið kjörskrá fyrir forsetakosningarnar þann 27. júní 2020 og sem 16. lið bréf frá Ásdísi Lilju Pétursdóttur, dags. 18. júní 2020. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Fundargerð 138. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 12. júní 2020.**
Athugasemd kom við lið 3 í fundargerðinni. Samþykkti bæjarráð að fresta afgreiðslu erindisins og óska eftir nánari upplýsingum frá tæknideild og umhverfis- og skipulagsnefnd áður en það verður lagt aftur fyrir bæjarráð.
Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

2) **Fundargerðir 192. og 193. fundar menningarnefndar, dags. 14. maí og 16. júní 2020.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

3) **Fundargerðir 106., 107. og 108. fundar stjórnar FSS, dags. 19. maí, 29. maí og 5. júní 2020.**
Varðandi fundargerð 106. fundar, þá samþykkti bæjarráð Snæfellsbæjar samhljóða eftirfarandi bókun:
„Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða að greiða 12% mótframlag vegna byggingar þjónustuíbúðakjarna fyrir fatlaða við Ólafsbraut 62-64, til móts við stofnframlag Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, samtals að upphæð kr. 35.114.260.-„
Fundargerðir 106., 107. og 108 fundar stjórnar FSS voru að öðru leyti lagðar fram til kynningar.

4) **Fundargerð 161. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 27. maí 2020.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Fundargerðir 423. og 424. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. og 28. maí 2020.**
Lagt fram til kynningar.

6) **Fundargerð 885. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. júní 2020.**
Lagt fram til kynningar.

7) **Umsóknir um leyfi til hundahalds:**
   a) **Jófríður Magnúsdóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Rökkva.**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

   b) **Daði Hjálmarsson sækir um leyfi til að halda hundinn Kol.**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

   c) **Gunnar Ó Sigmarsson sækir um leyfi til að halda hundinn Stellu.**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

   d) **Gunnar Ó Sigmarsson sækir um leyfi til að halda hundinn Messý.**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

   e) **Adam Trzaskoma sækir um leyfi til að halda hundinn Max.**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

8) **Umsóknir um leyfi til kattahalds:**

a) **Jóhanna Gunnarsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Krumma.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

b) **Agnieszka Stefanczyk sækir um leyfi til að halda kettina Amy og Kajtek.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

c) **Bjarkey Magnúsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Bibba.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

d) **Karl Eggertsson sækir um leyfi til að halda köttinn Míus.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

e) **Karl Eggertsson sækir um leyfi til að halda köttinn Mímu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

f) **Gunnhildur K Hafsteinsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Elsu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

g) **Anna Sobolewska sækir um leyfi til að halda kettina Fókus og Kjötbollu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

h) **Rebekka Unnarsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Gertrud.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

i) **Rebekka Unnarsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Svein.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

j) **Joanna Prostko sækir um leyfi til að halda köttinn Garfield.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

k) **Monika Dubaj sækir um leyfi til að halda köttinn Dzeki.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

l) **Monika Dubaj sækir um leyfi til að halda köttinn Chrupcio.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

m) **Angelika Rendzinska sækir um leyfi til að halda köttinn Pixel.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

n) **Krzysztof Tomasz Mieszaniec sækir um leyfi til að halda köttinn Flækju.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

9) **Bréf frá Láru Kristjánsdóttur, dags. 11. júní 2020, varðandi ósk um niðurfellingu á fasteignagjöldum.**

Bæjarstjórn hefur sett sér reglur, með stoð í 4.mgr. 5.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, um niðurfellingu eða lækkun á fasteignaskatti hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum, sem hafa lögheimili í þinglýstri íbúð sinni. Við ákvörðun um lækkun er miðað við tekjur skv. tekju- og útsvarsstofni og einnig við fjármagnstekjur skv. síðasta framlagða skattframtali þegar álagning fasteignagjalda fer fram. Lækkun fasteignaskatts er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við ríkisskattstjóra. Ef miklar breytingar verða á högum fólks, er hægt að óska eftir leiðréttingu um leið og nýtt staðfest skattframtal liggur fyrir. Til þess þarf að koma afriti af skattframtali til bæjarritara, sem mun athuga hvort tilefni sé til lækkunar fasteignaskatts.
Að öðru leyti hefur bæjarstjórn ekki heimildir skv. lögum til að fella niður fasteignagjöld.

10) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 12. júní 2020, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Fosshótels Hellnar ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, hótel, sem rekið er sem Fosshótel Hellnar að Hellnum, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Fosshótels Hellna ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki IV, hótel, sem rekið er sem Fosshótel Hellnar að Hellnum, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

11) **Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 15. júní 2020, varðandi vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs fari í vettvangsferðina.

12) **Bréf frá Samorku og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. júní 2020, varðandi átak í fráveitumálum.**
Lagt fram til kynningar.

13) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júní 2020, varðandi beiðni sveitarstjórnar-ráðherra vegna fasteignaskattsálagningar árið 2021.**
Lagt fram til kynningar.

14) **Ósk um aukafjárveitingu vegna varmadælu í Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu upp á 11 milljónir króna vegna varmadælu í Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Fjárveitingin verður tekin af liðnum Ófyrirséð.

15) **Kjörskrá fyrir forsetakosningar þann 27. júní 2020.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðan kjörskrárstofn. Á kjörskrá eru 1052 einstaklingar, 305 í Hellissands- og Rifskjördeild, 648 í Ólafsvíkurkjördeild og 99 í Staðarsveitar- og Breiðuvíkurkjördeild.

Ennfremur samþykkti bæjarráð samhljóða eftirfarandi bókun:
„Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða að fela bæjarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er bæjarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga þann 27. júní n.k., í samræmi við 27. gr. kosningalaga."

16) **Bréf frá Ásdísi Lilju Pétursdóttir, dags. 18. júní 2020, varðandi ósk um niðurgreiðslu vegna skólavistar barns utan lögheimilissveitarfélags.**
Beiðnin fellur ekki undir reglur Snæfellsbæjar um niðurgreiðslur skólakostnaðar utan lögheimilis-sveitarfélags og sér bæjarráð sér því ekki fært að verða við beiðninni.

17) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri sagði frá tölum yfir atvinnuleysi í Snæfellsbæ.
b) Bæjarstjóri sagði frá því að unglingavinnan gengi ágætlega.
c) Bæjarstjóri sagði frá því að veggirnir á tjaldstæðahúsinu á Hellissandi væru risnir.
d) Bæjarstjóri sagði frá því að 17. júní hátíðahöld hafi gengið afskaplega vel, þrátt fyrir að hafa þurft að gera breytingar á hefðbundinni dagskrá vegna Covid-19.
e) Bæjarstjóri sagði frá því að hafnar eru framkvæmdir við endurnýjun vatnslagnar í Bárðarásnum.
f) Bæjarráð samþykkti samhljóða að færa fundi bæjarráðs í sumar til miðvikudaga kl. 11:30.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55**

Júníana Björg Óttarsdóttir

| | |
|---|---|
| Rögnvaldur Ólafsson | Fríða Sveinsdóttir |
| Kristinn Jónasson, bæjarstjóri | Lilja Ólafardóttir, bæjarritari |

**314. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 1. júlí 2020 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Fundargerð 179. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 19. maí 2020.**
Lagt fram til kynningar...

2) **Bréf frá Framfarafélagi Snæfellsbæjar, Ólafsvíkurdeild, dags. 16. júní 2020, varðandi upplýsingaskilti.**
Bæjarráð þakkar erindið og gjöfina og mun fela tæknideildinni að athuga í samvinnu við Framfarafélagið hvort og hvernig hægt er að standa að skiltamálum og lýsingu. Nú þegar er Snæfellsbær í viðræðum við Vegagerðina um samræmd skilti við innkomu í þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar.

3) **Áskorun Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 16. júní 2020, varðandi fjölgun opinberra starfa hjá landsbyggðarsveitarfélögum.**
Bæjarráð tekur heilshugar undir áskorun Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hvetur stjórnvöld til að hafa Snæfellsbæ í huga þegar farið verður í að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
Bæjarráð samþykkti að senda áskorunina á forsætisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Nú var gert hlé á fundi og mætti Hildigunnur Haraldsdóttir á Teams fund til að fara yfir skipulag lóða í Ólafsvík. Vék Hildigunnur nú af fundi og haldið var áfram með boðaða dagskrá.

4) **Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 23. júní 2020, varðandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 22. júní 2020, varðandi slökkvivatn á Arnarstapa og Hellnum.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að svara erindinu.

6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. júní 2020, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Hótels Langaholts ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, hótel, sem rekið verður sem Hótel Langaholt að Ytri-Görðum í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Hótels Langaholts ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki IV, hótel, sem rekið verður sem Hótel Langaholt að Ytri-Görðum í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. júní 2020, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Áningar ferðaþjónustu ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, stærra gistiheimili, sem rekið er sem Kast Guesthouse í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Áningar ferðaþjónustu ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki IV, stærra gistiheimili, sem rekið er sem Kast Guesthouse í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

**8) Minnispunktar bæjarstjóra.**

a) Bæjarstjóri sagði frá staðgreiðslunni.
b) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum í Bárðarásnum.
c) Bæjarstjóri sagði frá fjármálum sveitarfélagsins. Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita bæjarstjóra heimild til að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að kr. 200.000.000.-
d) Bæjarstjóri sagði frá bílamálum í Áhaldahúsinu.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

**315. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 25. ágúst 2020 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Fundargerð 139. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 20. júlí 2020.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2) **Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 9. júní, 17. júní og 11. júlí 2020.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

3) **Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 19. ágúst 2020.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
Réttað verður norðan heiðar laugardaginn 19. september og sunnan heiðar laugardainn 26. september.

4) **Fundargerð 180. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 4. júní 2020.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Fundargerð stjórnarfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 12. ágúst 2020.**
Lagt fram til kynningar.

6) **Fundarboð eignarfundar Sorpurðunar Vesturlands, haldinn 7. september 2020.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að forseti bæjarstjórnar, formaður bæjarráðs og bæjarstjóri mæti á fundinn fyrir hönd Snæfellsbæjar.

7) **Umsókn um hundaleyfi: Katrín Hjartardóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Kolku.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

8) **Bréf frá verkefnastjóra Umhverfisvottunar Snæfellsness, dags. 29. júní 2020, varðandi endurnýjun á EarthCheck vottuninni fyrir árið 2020.**
Lagt fram til kynningar.

9) **Umsókn um lán frá Lánasjóði sveitarfélaga.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000.-, með lokagjalddaga þann 15.04.2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórnin hefur kynnt sér.
Bæjarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir ársins 2020 sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.
Jafnframt er Kristni Jónassyni, bæjarstjóra, kt. 300965-3779, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Snæfellsbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

**10) Minnispunktar bæjarstjóra.**

a) Bæjarstjóri ræddi málefni Átthagastofunnar.
b) Bæjarstjóri fór yfir covid-19 stöðuna í sveitarfélaginu.
c) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit fyrstu 6 mánaða ársins.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:43**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

## Lilja Ólafardóttir


**From:** furubrekka@simnet.is
**Sent:** miðvikudagur, 26. ágúst 2020 14:02
**To:** Lilja Ólafardóttir
**Cc:** furubrekka@simnet.is

**Subject:** Niðurgreiðsla skólagjalda - Bergur Már Sigurjónsson

Berist til Bæjarráðs Snæfellsbæjar

Efni: Umsókn um niðurgreiðslu skólagjalda við Tónlistarskóla Akraness skólaárið 2020-2021
Umsækjandi: Bergur Már Sigurjónsson (kt.280704-3690)

Bergur Már Sigurjónsson (kt. 280704-3690) hefur sótt um fullt nám í rafgítarleik á framhaldsstigi við Tónlistarskólann á Akranesi.
Við óskum því eftir niðurgreiðslu (mótframlagi) á skólagjöldum en óvíst er ennþá hvort að hann kemst í fullt eða hálft nám.

Með kveðju
Lilja Björk Kristjánsdóttir - móðir Bergs Furubrekku

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Umsagnaraðilar
skv. 4. mgr. 10.gr. laga nr. 85/2007
og 1. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016

Akranesi, 25. Ágúst 2020

**Hótel Búðir – Búðir (F2113546), 356 Snæfellsbær**

Hótel Búðir ehf kt.470900-2370 hefur sótt um leyfi til þess að reka gististað í flokki IV, hótel, sem rekið er sem Hótel Búðir að Búðum (F2113546), 356 Snæfellsbæ.
Umsækjandi er með rekstrarleyfi LG-REK-010800 vegna rekstrarins útgefið 18.8.2016.

Hér með er óskað umsagna neðangreindra aðila skv. fyrirmælum 10. gr. laga nr. 85/2007.
Umsagna er óskað eigi síðar en **9. október n.k.** sbr. 2. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016 en þar segir;
*„Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar* ***eigi síðar en 45 dögum*** *frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi"* .

Umsóknin fylgir hér með ásamt teikningum.

Daðey Þóra Ólafsdóttir,
sviðsstjóri þjónustusviðs

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes Heilbrigdiseftirlit@hev.is

Vinnueftirlit ríkisins vinnueftirlit@ver.is

Snæfellsbær, bæjarstjóri
Kristinn Jónasson, kristinn@snb.is

Snæfellsbær, skipulag-og byggingafulltrúi
Davíð Viðarsson, david@snb.is;

Slökkvilið Snæfellsbæjar
slokkvilid@snb.is; snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is

Lögreglustjórinn á Vesturlandi vesturland@logreglan.is

SÝSLUMENN

# Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

## Veljið embætti

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

| **Umsækjandi:** | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn einstaklings eða lögaðila: HÓTEL BÚÐIR EHF | Kennitala: 470900-2370 | Netfang: ORNAND@BUDIR.IS | |
| Heimilisfang: BÚÐIR | Póstnúmer og staður: 356 SNÆFELLSBÆ | | Sími / Símar: 820-1090 |
| Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 73103 | | | |

| **Forsvarsmaður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):** | | | |
|---|---|---|---|
| Fullt nafn: ÖRN ANDRÉSSON | Kennitala: 190851-3039 | Netfang: ORNAND@BUDIR.IS | |
| Lögheimili: FANNAFOLD 51 | Póstnúmer og staður: 112 REYKJAVÍK | | Sími / Símar: 820-1090 |

| **Upplýsingar um gististað:** | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heiti gististaðar: HÓTEL BÚÐIR | | | Netfang: ORNAND@BUDIR.IS | | | |
| Heimilisfang (starfsstöð): BÚÐIR | | | Póstnúmer og staður: 356 SNÆFELLSBÆ | | Sími / Símar: 820-1090 | |
| Fasteignanúmer: 211 - 3546 | | | Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): | | | |
| Er sótt um leyfi til útiveitinga? | Já: O | Nei: O | Fjöldi gesta: 65 / 155 | | | |
| Afgreiðslutími áfengis ( ef við á): | Virka daga frá kl: | til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: | | |
| Afgreiðslutími útiveitinga (ef við á): | Virka daga frá kl: | til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: | | |

**Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfir fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☐ | **Flokkur II** | Gististaður án veitinga. | **kr. 32.000.-** |
| ☐ | **Flokkur III** | Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. | **kr. 40.000.-** |
| ☒ | **Flokkur IV** | Gististaður með áfengisveitingum. | **kr. 263.000.-** |

**Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.**

| | | |
|---|---|---|
| ☒ A | Hótel | Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi. |
| ☐ B | Stærra gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ C | Minna gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ D | Gistiskáli | Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel). |
| ☐ E | Fjallaskálar | Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús. |
| ☐ F | Íbúðir | Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar. |
| ☐ G | Frístundahús | Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin. |

**Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna.** Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirsvari lögaðila.

| Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: | Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: |
|---|---|
| a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.<br>c) Vottorð um búsforræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð forsvarsmanns.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. | a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð.<br>c) Vottorð um búsforræði.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. |

**Athugasemdir umsækjanda:**

**Staðfesting:**

☒ Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

**Undirskrift:**

| Staður og dagsetning: | Undirskrift umsækjanda: |
|---|---|
| Borgarnes 11. Ágúst 2020 | [signature] 150851-3039 |
| **Staður og dagsetning** | **Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda:** |
| Borgarnes 11. Ágúst 2020 | [signature] 150851-3039 |

**Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:**

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/heilbrigdiseftirlitssvaedin/

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsforræðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla https://www.domstolar.is/

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar

Samþykkta teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitafélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is




**BRUNATÁKN:**

Björgunarop.

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

Rýmingarleið.

Reykskynjari.

Útljós / neyðarlýsing.

Brunaslanga.

Stjórnstöð brunavarna.

**SKÝRINGAR:**

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
NF= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall
L= Loftræst rými

**BRUNAHÖNNUN:**

Hönnun og uppsetning brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð verður í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar.

Reykskynjarar eru í öllum helstu rýmum og tengjast við stjórnstöð hússins.

Uppdráttur sem sýnir útgönguleiðir verður festur á vegg í öllum gistiherbergjum ásamt upplýsingum um viðbrögð við eldsvoða.

Reyklosun úr miðrými er um sjálfvirkar reyklúgur (2 x 0.7m2) í stigahúsi. Reyklúgurnar verður hægt að opna með hnappi sem skal staðsetja við stjórntöflu brunaviðvörunarkerfis. Reyklúgan opnast einnig við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

Handslökkvitækjum verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

Neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

Frá herbergjagangi á fyrstu hæð er flóttaleið fram í anddyri þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út. Auk þess eru björgunarop á herbergjum.

Frá stærri herbergjaálmu á 2.hæð er flottaleið út á stærri svalir þaðan sem hægt er að komast niður hringstiga. Auk þess er flóttaleið inn í miðrými þaðan sem hægt er að komast út á fyrstu hæð. Þá er frá öðrum enda álmunnar hægt að komast út á svalir og niður fellistiga.

Frá minni herbergjaálmu á 2.hæð er hægt að komast inn í miðrými og út á fyrstu hæð. Auk þess er hægt að komast út á svalir og niður um fellistiga. Þá er hægt að komast yfir í stærri herbergjaálmu og þaðan út á stærri svalir og niður hringstiga.

Frá stærri herbergjaálmu á 3.hæð er hægt að komast beint út á svalir á tveimur stöðum þaðan sem hægt er að komast um hringstiga á jörðu niður. Auk þess er hægt að komast inn í stigahús, um miðjukjarna og út.

Frá minni álmu á 3.hæð er hægt að komast út á svalir frá tveimur stöðum þaðan sem hægt er að komast niður um hringstiga. Auk þess er hægt að komast inn í stærri álmu frá svölum og þaðan um stigahús út.

Sjá greinargerð Gunnars Kristjánssonar hjá VSÍ 13.06.2003, v. nánari útlistun á brunavörnum.

Klæðningar utanhúss eru í flokki 1.

Loft og veggfletir í gistirýmum eru í flokki 1.

**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

## LÝSING ERINDIS / BYGGINGARLÝSING:

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér byggingu geymslurýmis á samþykktum byggingarreit við eldhúsinngang á suðurhlið hótelsins. Viðbygging verður gerð úr 150mm timburgrind m. 100mm steinullareinangrun og klædd bárujárni. Þak verður úr timbri klætt soðnum þakpappa og klætt bárujárni. Þakhalli: 10°. Sökkul og gólfplata verða steynsteypt og einangruð m. plasteinangrun. Geymslurýmið verður ekki hitað á hefðbundinn hátt, en hiti frá tækjum sem þar verða staðsett heldur rýminu volgu.

Húsið er reist úr forsteyptum einingum sem hvíla á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á hliðarálmum er timburþak með zinkklæðningu, en á tengibyggingu er þak klætt þakdúk. Innveggir eru ýmist úr timburgrind klæddri gipsklæðningu eða forsteyptum einingum. Stigi er staðsteyptur. Allar klæðningar eru í flokki 1.

1-ÞAK. Þak á hliðarálmum er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á steyptum útveggjum. Einangrað með 175mm léttull, klætt með borðaklæðningu og zinkklæðningu. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 37°. Þak á tengibyggingu er steypt plata, en ofan á hana er byggt upp þak með 3° vatnshalla einangrað með pressaðri einangrun, og klætt þakdúk. Hluti þaks tengibyggingar er þakinn sjávargrjóti, en annars staðar eru timburpallar byggðir ofan á dúkklætt þakið.

2-ÚTVEGGIR. Útveggir eru úr forsteyptum einingum.
Einingasamlokurnar eru þannig uppbyggðar að innst er 130mm steyptur veggur, þá 100mm frauðplasteinangrun, og loks 70mm steypulag til að hlífa einangrun.

3-GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar. Tvöfalt gler er í gluggum og 14mm loftbil.

4-SÖKKLAR OG GÓLFPLÖTUR. Sökklar og gólfplötur eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað með 100mm frauðplasteinangrun.

5-INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist úr 120mm forsteyptum einingum eða einangraðri málmgrind með gipsklæðningu. Allar klæðningar í gistirýmum eru í flokki A.

6-SVALIR. Þrennar svalir eru á húsinu, stórar SA útsýnissvalir, SV útsýnissvalir út af vinstofu, og þaksvalir. Gólf í öllum svölum eru steypt plata, en ofan á hana er byggt upp þak með 3° vatnshalla einangrað með pressaðri einangrun, og klætt þakdúk. Timburpallar eru byggðir ofan á dúkklætt þakið. Handrið eru úr timburgrind klæddri liggjandi viðarklæðningu.

7-FRÁGANGUR UTANHÚSS. Byggingarhlutar eru aðskildir með efnisvali. Á hliðarálmum eru steyptir veggir pússaðir og málaðir í hvítum lit, en veggir tengibyggingar verða klæddir vandaðri olíuborinni timburklæðningu. Geymsluskúr sem stendur við SA horn hótelsins verður klæddur málaðri timburklæðningu.

aOK!
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt. 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HÓTEL BÚÐIR, SNÆFELLSNESI - TILLAGA AÐ STÆKKUN | | | | | 0703 201 |
| Grófvinnsla - geymslur - GRUNNMYND | | | | | |
| A2 | AÐALUPPDRÁTTUR | 1/100 | KE | KE | 16.júl.2007 |
| | | | | | 16.júl 2007 |




**GRUNNMYND 2. HÆÐAR**
mkv. 1:100

**SKÝRINGAR:**

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
NF= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall
L= Loftræst rými

**BRUNAHÖNNUN:**

Hönnun og uppsetning brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð verður í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar.

Reykskynjarar eru í öllum helstu rýmum og tengjast við stjórnstöð hússins.

Uppdráttur sem sýnir útgönguleiðir verður festur á vegg í öllum gistiherbergjum ásamt upplýsingum um viðbrögð við eldsvoða.

Reyklosun úr miðrými er um sjálfvirkar reyklúgur (2 x 0.7m2) í stigahúsi. Reyklúgurnar verður hægt að opna með hnappi sem skal staðsetja við stjórntöflu brunaviðvörunarkerfis. Reyklúgan opnast einnig við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

Handslökkvitækjum verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

Neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

Frá herbergjagangi á fyrstu hæð er flóttaleið fram í anddyri þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út. Auk þess eru björgunarop á herbergjum.

Frá stærri herbergjaálmu á 2.hæð er flóttaleið um morgunverðarsal, en þaðan er hægt að komast niður hringstiga. Auk þess er flóttaleið inn í miðrými þaðan sem hægt er að komast út á fyrstu hæð. Þá er frá öðrum enda álmunnar hægt að komast út á svalir og niður fellistiga.

Frá minni herbergjaálmu á 2.hæð er hægt að komast inn í miðrými og út á fyrstu hæð. Auk þess er hægt að komast út á svalir og niður um fellistiga. Þá er hægt að komast yfir í stærri herbergjaálmu og þaðan um morgunverðarsal og niður hringstiga.

Frá stærri herbergjaálmu á 3.hæð er hægt að komast beint út á svalir á tveimur stöðum þaðan sem hægt er að komast um hringstiga á jörðu niður. Auk þess er hægt að komast inn í stigahús, um miðjukjarna og út.

Frá minni álmu á 3.hæð er hægt að komast út á svalir frá tveimur stöðum þaðan sem hægt er að komast niður um hringstiga. Auk þess er hægt að komast inn í stærri álmu frá svölum og þaðan um stigahús út.

Sjá greinargerð Gunnars Kristjánssonar hjá VSÍ 13.06.2003, v. nánari útlistun á brunavörnum.

Klæðningar utanhúss eru í flokki 1.

Loft og veggfletir í gistirýmum eru í flokki 1.

**BRUNATÁKN:**

Björgunarop. — BO

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

Rýmingarleið.

Reykskynjari. — R

Útljós / neyðarlýsing. — UT

Brunaslanga.

Stjórnstöð brunavarna.

BYGGINGARLÝSING

Byggt yfir NA-svalir á annari hæð, en með því fæst 44m2 fjölnotasalur.

Byggingin sem er úr 50x125mm timburgrind og styrktum gluggapóstum (sjá lýsingu burðarþolsverkfræðings) hvílir á steyptum útveggjum 1. hæðar. Veggir eru einangraðir með 100mm steinull.

Þak er úr 50x225 sperrum sem hvíla á timburgrind í útvegg annars vegar, og festast á steyptan útvegg byggingar hins vegar. Einangrað með 200mm þakull, klætt með krossvið og þakdúk. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 3°.

Gluggar eru vandaðir timburgluggar með styrkingu milli pósta. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil.


VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt. 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is


**HÓTEL AÐ BÚÐUM, SNÆFELLSNESI**

| | |
|---|---|
| Grunnmynd 2. hæðar | 0508 202 |
| Byggt yfir svalir á 2.hæð | |
| **AÐALUPPDRÁTTUR** | |

| | | |
|---|---|---|
| KE | KE | 18.04.2005 |
| 1:100 | 0508-202.dwg | |

A2


Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.




# GRUNNMYND 3. HÆÐAR

mkv. 1:100

**SKÝRINGAR:**

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
NF= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall
L= Loftræst rými

**BRUNAHÖNNUN:**

Hönnun og uppsetning brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð verður í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar.

Reykskynjarar eru í öllum helstu rýmum og tengjast við stjórnstöð hússins.

Uppdráttur sem sýnir útgönguleiðir verður festur á vegg í öllum gistiherbergjum ásamt upplýsingum um viðbrögð við eldsvoða.

Reyklosun úr miðrými er um sjálfvirkar reyklúgur (2 x 0,7m2) í stigahúsi. Reyklúgurnar verður hægt að opna með hnappi sem skal staðsetja við stjórntöflu brunaviðvörunarkerfis. Reyklúgan opnast einnig við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

Handslökkvitækjum verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

Neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

Frá herbergjagangi á fyrstu hæð er flóttaleið fram í anddyri þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út. Auk þess eru björgunarop á herbergjum.

Frá stærri herbergjaálmu á 2.hæð er flóttaleið út á stærri svalir þaðan sem hægt er að komast niður hringstiga. Auk þess er flóttaleið inn í miðrými þaðan sem hægt er að komast út á fyrstu hæð. Þá er frá öðrum enda álmunnar hægt að komast út á svalir og niður fellistiga.

Frá minni herbergjaálmu á 2.hæð er hægt að komast inn í miðrými og út á fyrstu hæð. Auk þess er hægt að komast út á svalir og niður um fellistiga. Þá er hægt að komast yfir í stærri herbergjaálmu og þaðan út á stærri svalir og niður hringstiga.

Frá stærri herbergjaálmu á 3.hæð er hægt að komast beint út á svalir á tveimur stöðum þaðan sem hægt er að komast um hringstiga á jörðu niður. Auk þess er hægt að komast inn í stigahús, um miðjukjarna og út.

Frá minni álmu á 3.hæð er hægt að komast út á svalir frá tveimur stöðum þaðan sem hægt er að komast niður um hringstiga. Auk þess er hægt að komast inn í stærri álmu frá svölum og þaðan um stigahús út.

Sjá greinargerð Gunnars Kristjánssonar hjá VSI 13.06.2003, v. nánari útlistun á brunavörnum.

Klæðningar utanhúss eru í flokki 1.

Loft og veggfletir í gistirýmum eru í flokki 1.

**BRUNATÁKN:**

| | |
|---|---|
| Björgunarop. | BO |
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. | B-60 |
| Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. | |
| Rýmingarleið. | |
| Reykskynjari. | R |
| Útljós / neyðarlýsing. | ÚT |
| Brunaslanga. | |
| Stjórnstöð brunavarna. | |




breytingar
JÚNÍ 2003 - breytt nýting 3. hæðar / breytingar á kvisti á suður-húsi / breyting á geymsluskúr / nánari útlistun á brunavörnum
JÚLÍ 2003 - breyttar flóttaleiðir úr suðurhúsi

KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059
Verkstæði Arkitekta ehf. - kt: 570800-2210 - Gunnarssund 5 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 9779 - Fax: 565 9778 - GSM: 699 0999 - E: kari@ark.is - www.ark.is

**HÓTEL BÚÐIR**

**NÝTT HÓTEL AÐ BÚÐUM, SNÆFELLSNESI**

| | |
|---|---|
| Grunnmynd 3. hæðar | 0105 203 |

**AÐALUPPDRÁTTUR**

| | | |
|---|---|---|
| hannað: KE | teiknað: KE | dags. 17.08.2001 |
| mkv. 1:100 | tölvuskrá: 0105-203.dwg | |

A2 — **ath!** Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum skal tilkynna hönnuði strax.

UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Reykjavík 26. ágúst 2020

**Efni: Um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga – hvatning til sveitarfélaga**

Samkvæmt 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, skulu sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð, en markmiðið er að gefa ungmennum kost á því að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Þá ber sveitarstjórnum að setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 70/2007 er fjallað um mikilvægi aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku og að hvetja eigi ungmenni til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Segir þar jafnframt að með þátttöku í ungmennaráðum hafa ungmenni möguleika á því að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri við kjörna fulltrúa sveitarfélaga. Þó svo að ekki séu sett fram aldursviðmið fyrir ungmennaráð í æskulýðslögum kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að meðal starfandi ungmennaráða sé oft miðað við aldurshópinn 13-17 ára enda séu átján ára ungmenni komin með kosningarétt og geta þá með atkvæði sínu haft áhrif á val kjörinna fulltrúa.

Hugtakið ungmenni er skilgreint með mismunandi hætti í æskulýðsstarfi og eru dæmi um að efri aldursmörk ungmennasamtaka séu jafnvel 35 ár. Hins vegar ber til þess að líta að samkvæmt 1. gr. Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, eru það eingöngu einstaklingar sem ekki hafa náð átján ára aldri sem skilgreina á sem börn. Markmiðið með starfi ungmennaráða sveitarfélaga, er að gefa börnum sem ekki hafa kosningarétt og geta ekki gefið kost á sér til framboðs í sveitarstjórnarkosningum, tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku í eigin nærsamfélagi og þar með eigið líf, umhverfi og framtíð.

Samkvæmt nýlegri rannsókn eru 44 af 51 ungmennaráðum í sveitarfélögum landsins skipuð, að hluta til eða jafnvel að öllu leyti, ungu fólki sem er orðið 18 ára[1]. Að mati umboðsmanns barna er mikilvægt að ungmenni og ungt fólk eigi með sér samtal og samvinnu á vettvangi félagsstarfs enda ljóst að í mörgum tilvikum fara hagsmunir þeirra saman. Um ungmennaráð sveitarfélaga gilda þó önnur lögmál enda er tilgangur þeirra fyrst og fremst að tryggja áhrif

[1] https://skemman.is/handle/1946/35211

ungmenna sem ekki hafa kosningarétt. Þá er ljóst að í ungmennaráðum með breiðri aldurssamsetningu er ákveðin hætta á því að hagsmunir yngri hópsins fái minna vægi enda getur það reynst börnum erfitt að láta til sín taka í félagsstarfi með fullorðnu fólki þar sem til staðar er augljós aðstöðumunur sem felst í auknum þroska og lífsreynslu þeirra fullorðnu.

Með hliðsjón af framangreindu vill umboðsmaður barna beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að líta til markmiðs æskulýðslaga um hlutverk og tilgang ungmennaráða og tryggja að í ungmennaráðum eigi eingöngu sæti fulltrúar ungmenna í sveitarfélaginu undir 18 ára aldri þannig að tryggt sé að sjónarmið barna fái vægi í töku ákvarðana og mótun stefnu í málefnum sem varða þau.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna